



Morgunblaðið/Einar Falur

**Auður Lóa** „Mér finnst ekkert að því að gera skemmtileg og fyndin verk,“ segir hún og hampar hér við uppsetningu sýningarinnar krúttlegum hundi.

# Daðrað við sætleikann og kits

## ● Auður Lóa Guðnadóttir sýnir í D-sal

Einar Falur Ingólfsson  
efi@mb.is

„Sýningunni var frestað aftur og aftur en ég hélt áfram að vinna og vinna og það er eiginlega orðið vandamál hvað ég er komin með mörg verk að sýna,“ sagði Auður Lóa Guðnadóttir myndlistarkona og hló þar sem hún stóð í vikunni innan um fjölmörg verk sín sem hún var að stilla upp í D-sal Hafnarhúss Listasafns Reykjavíkur. Sýning hennar nefnist *Já/Nei* og verður opin gestum frá kl. 17 í dag, fimmtudag, en vegna samkomutakmarkana verður ekki um hefðbundna opnun að ræða.

Auður Lóa nam myndlist við Listaháskóla Íslands og lauk BA-gráðu árið 2015. Síðan hefur hún starfað sjálfstætt og í samstarfi við aðra listamenn. Hún hlaut hvatningarverðlaun Íslensku myndlistarverðlaunanna árið 2018. Hún fæst mest við skúlptúr og vinnur gjarnan með hversdagslegt myndefni og sterkt myndmál. Í verkum sínum leitast hún við að túlka hið óvænta, en almenna. Eins og segir í tilkynningu eiga verkin í innbyrðis samtali en einnig við miðilinn og efniviðinn, sem er pappamassi. Þau segja óræðar sögur og í verkunum sem hún sýnir nú „er engu líkara en að gengið sé inn í leitarsögu listamannsins á netinu. Í salnum ægri saman tugum skúlptúra sem vísa í sögu, samtíma, listasögu, dægurmenningu, pólitík og hið fyndna og undarlega. Listamaðurinn hefur fundið innblástur á ferðalögum sínum niður hinar ýmsu kanínuholur veraldarvefjarins, vístað stafrænar myndir sem vekja hjá henni áhuga og undrun og endurskapað í þrívíðum minnisvörðum úr pappamassa.“

### Vísar í skrautstytur

Auður Lóa sækir við gerð figúrátífra verkanna, sem eru í kringum okkur í salnum, innblástur í svokallaðar Staffordshire-stytur sem urðu vinsælar á Viktoríutímabilinu í Bretlandi en í stað postulíns kýs listakonan að vinna með pappamassa sem lætur illa að stjórni og mála hann síðan. Hvers vegna fór hún að gera verk með tilvísun í skrautstytur?

„Ég er hrifin af þessum skala,“ segir Auður Lóa hugsi og bætir við að



**Kettlingar** Auður Lóa vinnur út frá myndum sem hún finnur á netinu.

hún eigi í ástar-haturssambandi við orðið stytur.

„En ég vinn já með vísanir í þessar stytur og mér finnst sem fólk hafi annars konar tengingar við svona litla hluti en stóra. Þeir eru vingjarnlegri og fólk getur tengt við þá á persónulegri hátt – því finnst verkin á vissan hátt kunnugleg.“

Stytur er eitthvað sem fólk hefur heima hjá sér og ég heyrir að fólk hefur öðruvísi þörf fyrir að nálgast þessi verk en ef þetta væru stórir skúlptúrar úti á gólfi.“

En Auður Lóa gerir verkin úr pappamassa, ekki postulíni eins og klisjukennd skrautverkin sem hún vísar til. „Í fyrsta lagi þá nota ég pappamassa vegna þess að hann er ódýr. Þá er mjög einfalt að vinna með pappamassa. En ekki síst finnst mér áferðin svo skemtileg og gaman að eiga við þetta skrýtna efni sem tekur stundum af mér völdin og allt verður hálf skrýtið.“ Hún hlær.

Og hún daðrar óhikað við sætleika og kits.

„Algjörlega, ég geri það. Margt við kits, handverk og skraut þykir vera kvenlegt og mér finnst gaman að leika með það – og held það sé vanmetið. Kannski er kominn tími til að endurmeta hvað er list.“

– Einhverjir myndu segja að sætir kettlingar í stúgvélum séu tabú í listum – en þarna eru þeir í einu verkanna? Þú hikar ekki við það?

„Nei!“ Og aftur skellir Auður Lóa glaðlega upp úr. „Ég vil ekki gera listaverk sem fólk óttast eða upplifir að það skilji ekki, Mér finnst ekkert að því að gera skemmtileg og fyndin verk.“